

## 22. Mannréttindi sett á kortið

Hvert má rekja mannréttindi? ... Til lítilla staða nálægt heimilinu!

Málefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2–3
Aldur	8–13 ára
Tími	60 mínútur – nokkrir dagar
Hópstærð	2–20 börn
Tegund verkefnis	Teikningar, greining, umræður
Yfirlit	Börnin búa í sameiningu til kort af bænum sínum eða hverfinu og tilgreina réttindi sem tengjast helstu stofnunum hans
Markmið	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að kynna börnum mannréttindi</li><li>• Að tengja mannréttindi við staði sem börn þekkja úr daglegu lífi sínu</li><li>• Að stuðla að því andrúmslofti í samfélaginu að mannréttindi séu virt</li></ul>
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fyrir yngri börnin: gera útlínur af korti</li></ul>
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"><li>• Litir, pappírsarkir</li><li>• Ljósrit af stytta útgáfu Mannréttindayfirlýsingarinnar</li></ul>



### Leiðbeiningar

1. Skiptu börnunum í litla hópa og fáðu þeim pappír og liti. Segðu þeim að teikna kort af hverfinu sínu (eða bænum, ef um lítið bæjarfélag er að ræða). Inn á kortið skulu þau setja heimili sín, helstu opinberu mannvirki (t.d. útivistarsvæði, pósthús, ráðhús, skóla, kirkjur eða aðra helgistaði, o.s.frv.) og opinbera þjónustustaði (t.d. sjúkrahús, slökkviliðsstöð, lögreglustöð) og aðra staði sem eru samfélaginu nauðsynlegir, t.d. matvöruverslanir, kirkjugarð, kvikmyndahús, apótek, o.s.frv.
2. Þegar kortin eru tilbúin skaltu biðja börnin að gera grein fyrir kortunum sínum út frá mannréttindasjónarmiði. Hvaða mannréttindi tengja þau við hina ýmsu staði á kortunum sínum? Til dæmis kirkjur eða aðra helgistaði við réttinn til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar; skólan við réttinn til menntunar; pósthúsið við réttinn til einkalífs og tjáningarfrelsis, bókasafnið eða netkaffihúsið við réttinn til að afla sér upplýsinga. Þegar þau hafa tilgreint réttindin eiga þau að finna viðkomandi grein(ar) í Mannréttindayfirlýsingunni og skrifa númer hennar/þeirra hjá viðkomandi stað á kortinu.
3. Hver hópur á síðan að kynna kortið sitt fyrir öllum hinum hópunum og gera grein fyrir þeim mannréttindum sem gætt er í samfélaginu.

### Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Fannst ykkur erfitt að teikna kort af bæjarfélaginu?
  - b. Komust þið að einhverju nýju um bæinn ykkar eða hverfið sem þið búíð í?
  - c. Kom ykkur á óvart að uppgötva að þar sé mannréttinda gætt?
  - d. Að hvaða leyti voru kortin ykkar frábrugðin kortum hinna?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Var mannréttindum skipað þétt saman einhvers staðar á kortinu? Hvaða skýringar hafið þið á því?

**Heimild:** Byggt á sýningu Anette Faye Jacobsen, Danish Institute for Human Rights.



- b. Var um fá eða engin mannréttindi að ræða einhvers staðar? Hvaða skýringar hafið þið á því?
- c. Er lögð áhersla á einhverjar sérstakar greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar í bænum? Hvaða skýringar eru á því?
- d. Er einhverra greina Mannréttindayfirlýsingarinnar hvergi getið á kortum barnanna? Hvaða skýringar eru á því?
- e. eru réttindi brotin á fólki á einhverjum stað í þessu samfélagi?
- f. eru réttindi brotin á einhverjum í þessu samfélagi?
- g. Hvað gerist þar ef einhver verður fyrir mannréttindabroti?
- h. Er um einhverja staði að ræða í þessu samfélagi þar sem fólk tekur sig saman um að vernda mannréttindi eða koma í veg fyrir ofbeldi?

### Tillögur um framhald

- Notið kortin og farið í göngutúr um hverfið til að sjá hvernig staðið er að verndun mannréttinda.
- Í verkefninu „Fréttamaður hjá Litla-kompás“, bls. 83, eru börnin einnig beðin að meta eigið samfélag út frá mannréttindasjónarmiði.

### Hugmyndir um aðgerðir

Þjóddu félagsráðgjafa í hverfinu, íbúa sem hefur búið þar lengi eða einhverjum baráttumanni á staðnum, að koma og segja börnunum frá því hvaða augum hann lítur bæjarfélagið, hvernig það er að breytast og hvað þurfi að gera til að gera það að betri samastað. Hjálpaðu börnunum að kanna hvað þau geti lagt af mörkum.

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Í þessu verkefni er gert ráð fyrir að börnin þekki töluvert til mannréttinda og stuðlað að því að þau geti sett þá þekkingu í samhengi við umhverfi sitt. Þau þurfa samt ef til vill á einhverri aðstoð að halda við að sjá samhengið milli hversdaglegra staða og mannréttinda, t.d. hvernig matvöruverslun tengist réttinum til heilbrigðis og viðunandi lífskjara.
- Þessu verkefni fylgja afar jákvæð skilaboð: við njótum réttinda dag hvern í hverfinu okkar. Hægt væri að fjalla um mannréttindabrot einhvern annan dag þannig að börnin nái að meðtaka þessi jákvæðu skilaboð.
- Einhver af yngri börnunum hafa kannski litla reynslu af því að skoða kort og þurfa að fá tíma til að æfa sig í því. Hægt væri að byrja á því að búa til kort af kennslustofunni, leikvellingum eða húsakynnunum sem þið eruð í.

### Tilbrigði

- Láttu börnin búa þessi kort til hvert sinn daginn svo að þau geti vanist því í rólegheitum að lesa út úr þeim upplýsingar og velta fyrir sér umhverfinu.
- Láttu hvern hóp fá tiltekið mannréttindamál til umhugsunar þegar kortin eru búin til.
- Hafðu frekar Barnasáttmálann en Mannréttindayfirlýsinguna til hliðsjónar í þessu verkefni.
- Leggja skal áherslu á eitt tiltekið réttindamál, svo sem réttinn til að vera ekki beittur ofbeldi eða réttinn til viðunandi lífskjara, og sjá hvernig komið er til móts við þann rétt í bænum.

### Breytingar vegna yngstu barnanna

- Fjalla skal um svæði sem börnin þekkja vel, svo sem næsta nágrenni þeirra, skóla eða heimili. Því yngri sem börnin eru þeim mun minna ætti svæðið sem kortlagt er að vera.



- Búðu til þrívíddarkort úr pappa, kössum og litum.
- Til að spara tíma og leggja áherslu á kortagerðina skaltu láta börnin fá tilbúin kort eða yfirlitsmynd af svæðinu sem þau eiga síðan að útfylla og merkja inn á. Hægt er að finna yfirlitsmyndir af flestum svæðum Evrópu á Google Earth: <http://earth.google.com/download-earth.html>
- Slepptu 2. lið þar sem greinarnar úr Mannréttindayfirlýsingunni eru tengdar viðkomandi rétti.

### **Breytingar vegna elstu barnanna**

- Dragðu upp kort í réttum hlutföllum.
- Skiptu börnunum í hópa og láttu hvern hóp fá hluta af sameiginlegu korti til greiningar.
- Í samantektinni skaltu síðan spyrja börnin hvort þau réttindi sem þau tóku eftir séu borgaralegs eða stjórn málalegs eðlis og hver þeirra séu efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg. Voru einhver tiltekin réttindi ríkjandi á kortinu? Voru einhver tiltekin réttindi ríkjandi á ákveðnum stöðum, voru t.d. réttindi af borgaralegu og pólitísku tagi tengd þinghúsinu, ráðhúsinu eða lögreglustöðinni?

